

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Hólmsheiði, hesthúsabyggð.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 1. ágúst 2013, breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði, Almannadalur, hesthúsabyggð. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja litlar svalir á húsgöflum á öllum gerðum húsa við Almannadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Krosshamrar 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 14. ágúst 2013, breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 5 við Krosshamra. Í breytingunni felst stækkun á húsi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 15. ágúst 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2013